



MANNRÉTTINDASKRIFSTOFA ÍSLANDS
ICELANDIC HUMAN RIGHTS CENTRE

Reykjavík, 12. mars 2018.

Alþingi
Nefndasvið
Austurstræti 8-10
150 REYKJAVÍK

Umsögn Mannréttindaskrifstofu Íslands um frumvarp til laga um breytingu á lögum um almannatryggingar nr. 100/2007 (barnalífeyrir), þskj. 165, 97. mál.

Mannréttindaskrifstofa Íslands (MRSÍ) hefur fengið ofangreint frumvarp til umsagnar. Með frumvarpinu er lögð til sambærileg heimild fyrir barnalífeyrisþega og finna má í 60. gr. barnalaga, en samkvæmt ákvæðinu má úrskurða meðlagsskyldan aðila til greiðslu framlaga m.a. vegna skírnar, fermingar, gleraugnakaupa, tannréttinga, sjúkdóms eða greftrunar.

Svo sem staðan er í dag bera barnalífeyrisþegar einir allan kostnað sem upp kemur. Í greinargerð með frumvarpinu er vísað til 2. gr. samnings Sameinuðu þjóðanna um réttindi barnsins, sem leggur þá skyldu á aðildarríki að sjá til þess að barni sé ekki mismunað, t.d. vegna stöðu foreldra þess og er einnig vísað til jafnræðisreglu 65. gr. stjórnarskárinnar. Tekur MRSÍ undir orð flutningsmanna frumvarpsins og hvetur til þess að sambærileg heimild verði felld undir lög um almannatryggingar með sömu forsendum og hafðar eru til hliðsjónar við mat á viðbótarframlagi og stuðst er við í 60. gr. barnalaga.

Virðingarfyllt,

f.h. Mannréttindaskrifstofu Íslands

Margrét Steinarsdóttir

framkvæmdastjóri